

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8 – 10

150 Reykjavík

b.t. nefndasvid@althingi.is

15. mars 2017

Mál: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um aðgerðaáætlun um orkuskipti, 146. mál.

Samtök atvinnulífsins taka heilshugar undir markmið tillögunar um að draga úr notkun jarðefnaeldsneytis. Samtökin telja það nauðsynlegt til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og ná markmiðum sem sett eru með alþjóðasamningum og hrinda á í framkvæmd meðal annars í samstarfi við ESB. Meginmarkmiðin tengjast þannig langtímasýn um að draga úr umhverfisáhrifum mannsins og tryggja komandi kynslóðum þolanlega vist á jörðinni.

Samtökin telja mikilvægt að orkuskiptin sem munu eiga sér stað á næstu áratugum verði einshagkvæm og frekast er unnt og leiði ekki til að samkeppnishæfni einstakra atvinnugreina eða samfélagsins í heild versni. Enginn vafi er á að innlend raforka mun skipta miklu máli við orkuskiptin og með því að fylgja alþjóðlegri nýsköpun og tækniþróun og styðja myndarlega við rannsóknir og þróun hér á landi, er Ísland í einstakri stöðu til að halda því forskoti sem náðst hefur við nýtingu innlendra orkugjafa.

Að þessu sögðu vilja samtökin gera athugasemd við að í tillögunni er ítrekað talað um gjaldeyrissparnað sem almennt markmið (1. mgr. 1. ml) og í leiðarljósi 2 um hagræna hvata. Samtökin telja mikilvægt að í stað hugtaksins *gjaldeyrissparnaður* komi hugtakið *innlend verðmætasköpun*. Í því felst að lögð verði áhersla hagkvæmni framleiðslunnar og að hún sé framleidd þar sem aðstæður eru bestar.

Samtökin leggja sömuleiðis til að fellt verði niður markmið í leiðarljósi 2 um hagræna hvata um *fjölgun starfa*. Störf hér á landi verða sömuleiðis að uppfylla skilyrði um að auka framleiðni og verðmætasköpun.

Það yrðu áreiðanlega til störf og jafnvel mætti spara gjaldeyri með því að framleiða alla bíla til innanlandsnotkunar hér á landi. Hvort framleiðslan yrði hagkvæm og gæti staðist samkeppni er annar hlutur. Samtökin telja ofangreind atriði lýti á annars ágætri tillögu og leggja til að þeim verði breytt.

Virðingarfyllst,



Pétur Reimarsson,
forstöðumaður